

Hróðnýjarstaðir - breyting á aðalskipulagi vegna vindorkuvers - 2003042

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða. Tillagan var auglýst 23. nóvember 2020 með athugasemdafresti til 20. janúar 2021.

Umsagnir bárust frá lögboðnum umsagnaraðilum og hagsmunaaðilum. Þess má geta að leitað var umsagnar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en stofnunin ákvað að senda ekki inn umsögn.

Umsagnir/athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum og stofnunum: Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Landgræðslunni, Landvernd, Veðurstofu Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Hagsmunum.is, Bjarna V. Guðmundssyni og Valdísi Einarsdóttur.

Í umsögn frá svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar dags. 23. mars 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum með þeim rökum að hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.

Athugasemdirnar kölluðu ekki á efnislegar breytingar á aðalskipulaginu að mati skipulagsnefndar heldur voru þættir eins og mælikvarði og innsláttarvillur lagfærðar.

Skipulagsnefnd telur að uppdráttur og greinargerð hafi því verið uppfærð til samræmis við athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila. Ítarleg svör sveitarfélagsins við athugasemdum eru að finna í minnisblaði sbr. fylgigagn, „Svör og viðbrögð Dalabyggðar við umsögnum og athugasemdum um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða.“

Í samræmi við F-lið greinar 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með tilvísun í bréf frá Skipulagsstofnun dags. 4. september 2020 þar sem áréttað er að ekki liggur fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun fyrir fyrirhugað iðnaðarsvæði á Hróðnýjarstöðum og að óvíst er um framtíðarskipan mála varðandi stöðu vindorku með tilliti til slíkrar áætlunar, verða svæði fyrir fyrirhuguð vindorkuver skilgreind sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Dalabyggðar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur skipulagsnefnd til að sveitarstjórn samþykki tillöguna ásamt svörum við athugasemdum og að breytingin verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar fyrir gildistöku með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.